

Norðlingaskóli

Ytra mat

Nám og kennsla á unglíngastigi



Janúar 2016

Ritun skýrslu

Nanna Kristín Christiansen

Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri

Una B. Bjarnadóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

Töflur og myndir:

Sara Björk Ólafsdóttir

EFNISYFIRLIT

Myndir:	4
Töflur:	4
Inngangur	5
Norðlingaskóli	6
Stefna skólans	6
Árangur og líðan nemenda – yfirlit	6
Samantekt – Greining á skólastarfi í Norðlingaskóla	9
Nám og kennsla	10
1. Nám og námsaðstæður	10
1.1. Inntak og árangur	10
1.2. Skipulag náms og námsumhverfi	11
1.3. Kennsluhættir og gæði kennslu	12
1.4. Námsættir og námsvitund	12
2. Þátttaka og ábyrgð nemenda	13
2.1. Lýðræðisleg vinnubrögð	13
2.2. Ábyrgð og þátttaka	13
3. Skóli án aðgreiningar	14
3.1. Menning og viðhorf	14
3.2. Námskrár og áætlanir	14
3.3. Upplýsingamiðlun og samskipti	15
3.4. Starfshættir	15
Vettvangsheimsóknir í Norðlingaskóla	17
Norðlingaskóli – Yfirlit.....	20

MYNDIR:

Mynd 1: Stærðfræði, samanburður Norðlingaskóla við landsmeðaltal.	7
Mynd 2: Íslenska, samanburður Norðlingaskóla við landsmeðaltal.....	7
Mynd 3: Enska, samanburður Norðlingaskóla við landsmeðaltal.	8
Mynd 4: Verkefnavinna nemenda.....	18
Mynd 5: Notkun upplýsingatækni.....	18
Mynd 6: Hve oft voru markmið sýnileg eða kynnt nemendum.	19

TÖFLUR:

Tafla 1: Niðurstöður samræmdra prófa í Norðlingaskóla árin 2009-2014.....	6
Tafla 2: Mat á kennslustundum.	17
Tafla 3: Kennsluaðferðir.	17
Tafla 4: Val á verkefnum.	18

INNGANGUR

Í þessari greinargerð er fjallað um niðurstöður ytra mats á námi og kennslu unglिंगadeildar (8., 9. og 10. bekk) í Norðlingaskóla sem fram fór í desember 2015. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Teymið var skipað sérfræðingum frá tölfræði- og rannsóknþjónustu, fagskrifstofum grunnskóla og frístundastarfs, mannauðsþjónustu og kennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Norðlingaskóli yrði einn af þeim skólum sem færu í ytra mat skólaárið 2015-2016 og nám og kennsla í unglिंगadeild skoðuð sérstaklega í ljósi niðurstaðan samræmdra könnunarprófa í 10. bekk og niðurstaðna Skólaláupsins í tengslum við líðan nemenda. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum, auk þess sem farið var yfir gögn skólans. Kannanir voru einnig lagðar fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk og foreldra nemenda í unglिंगadeild. Í könnun nemenda var svarhlutfall 86% og í könnun foreldra var svarhlutfallið 54%.

Leiðarljós við matið er: ***Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er leiðbeinandi og umbótamiðað og markmið þess er að:

- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum.
- Aðstoða skóla við að efla skólastarfið í ljósi innra og ytra mats og styrkja innviði skólans
- Veita skólafirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á skólastarfið voru útbúin fyrir þróunarverkefni um ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012 og eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðin voru aðlöguð að stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar á skóla- og frístundasviði árið 2014. Þau eru birt á heimasíðu skóla- og frístundasviðs undir yfirskriftinni *mat á skólastarfi*:

http://reykjavik.is/sites/default/files/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi.pdf

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Skýrsla gerð um nám og kennslu í unglिंगadeild Norðlingaskóla.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með skrifstofustjóra grunnskólahluta á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Skólastjórnendur fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna, fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til grunnskólahluta fagskrifstofu á skóla- og frístundasviði.

Frekari eftirfylgni:

- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá skóla- og frístundasviði eða þjónustumiðstöðvum.

NORÐLINGASKÓLI

Norðlingaskóli er staðsettur í Norðlingaholti í Reykjavík, mitt á milli Elliðavatns og Rauðavatns. Skólinn tók til starfa haustið 2005 í færanlegum kennslustofum. Hönnun nýs skólahúss hófst árið 2006 og flutt var í nýtt skólahús í áföngum frá 2009 og til hausts 2013 en þá var skólinn að öllu leyti fluttur í nýtt skólahúsnæði með starfseminu undir einu þaki.

Skólastjóri er Sif Vígþórsdóttir og aðstoðarskólastjóri er Aðalbjörg Ingadóttir. Skólastarfið byggir starfshætti sína á hugmyndum um skóla án aðgreiningar þar sem lögð er áhersla á samkennslu, einstaklingsmiðun og teymisvinnu starfsfólks. Í Norðlingaskóla voru 556 nemendur í 1.-10. bekk þann 1. október 2015, þar af 126 nemendur í 8.–10. bekk. Í Norðlingaskóla sækja fleiri nemendur skólann en fjöldi nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu, eða 102%.

STEFNA SKÓLANS

Stefna Norðlingaskóla birtist á heimasíðu og í starfsáætlun skólans. Stefna skólans byggir á menntastefnu sem birt er í aðalnámskrá grunnskóla (2011) og á stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Einstaklingsmiðun er einn af áhersluþáttum í stefnu skólans ásamt því að stefnt er að því að skólinn sé án aðgreiningar fyrir alla nemendur hverfisins „þar sem engum sé ofaukið og allir séu velkomnir“. Aðrir þættir eru samkennsla árganga, teymisvinna starfsfólks og að skólinn sé hluti af því samfélagi sem hann starfar í (Starfsáætlun, stefna og sýn). Í samræmi við stefnu og sýn skólans hefur skólinn lagt áherslu á fjölbreytta starfshætti, s.s. samkennslu árganga, val og samvinnu, áhugasvið og smiðjur.

ÁRANGUR OG LÍÐAN NEMENDA – YFIRLIT

Meðaltalsárangur í samræmdum prófum í 10. bekk í Norðlingaskóla hefur verið undir meðaltali grunnskóla Reykjavíkur síðustu ár (sjá töflu 1).


Tafla 1: Niðurstöður samræmdra prófa í Norðlingaskóla árin 2009-2014

Samræmd könnunarpróf - meðaltöl og framfarastuðlar									
	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	
10. bekkur									
Íslenska			27,6	30,8	28,8	24,6	27,0	23,8	
Framfarastuðull íslenska			-	1,05	1,07	1,02	0,97	töluvert undir 1	
Reykjavík			31,0	30,6	30,8	31,1	30,4	30,8	
Stærðfræði			24,3	29,2	24,6	27,1	24,8	21,7	
Framfarastuðull stærðfræði			-	1,01	0,96	0,98	0,87	langt undir 1	
Reykjavík			30,9	30,9	30,9	31,1	30,4	30,9	
Enska			27,6	30,8	28,8	27,6	30,4	28,1	
Reykjavík		31,3	31,0	30,6	30,8	31,1	31,2	31,5	


Árið 2014 voru niðurstöður í Norðlingaskóla töluvert undir meðaltali eða 23,8 í íslensku en í Reykjavík var meðaltalið 31,3 og í stærðfræði var það 21,7 en í Reykjavík var meðaltalið 30,9.

Árið 2015 voru niðurstöður samræmdra prófa í Norðlingaskóla gefnar í bókstöfum og raðeinkunn og árangur nemenda í 10. bekk skólans áfram undir meðaltali. Á myndum 1, 2 og 3 má sjá árangur í


Norðlingaskóla í samanburði við landsmeðaltal í íslensku, stærðfræði og ensku á árunum 2009-2015. Bláa línan táknar landsmeðaltal, 30 stig og efri talan í kassanum táknar fjölda nemenda. Kassaritin taka saman á myndrænan hátt upplýsingar um dreifingu gilda á tiltekinni breytu, nánar tiltekið lægsta gildið, hæsta gildið og miðgildið ásamt neðri og efri fjórðungamörkum. „Kassinn“ sjálfur sýnir neðri og efri fjórðungamörkin (neðri og efri brúnir kassans) ásamt því að miðgildið sker kassann lárétt. Út frá kassanum ganga svo „veiðihárin“ í formi lóðréttra lína. Þessar línur ná að efri og neðri mörkum dreifingarinnar.



Mynd 1: Stærðfræði, samanburður Norðlingaskóla við landsmeðaltal.



Mynd 2: Íslenska, samanburður Norðlingaskóla við landsmeðaltal.



Mynd 3: Enska, samanburður Norðlingaskóla við landsmeðaltal.

Árið 2013 fór fram heildarmat í Norðlingaskóla á vegum SFS og í framhaldi var unnin skólaþróunaráætlun fyrir skólaárið 2014-2015. Þar voru lagðar til umbætur til að efla stærðfræðikennslu á unglingastigi með því að þróa starfshætti þannig að stærðfræðin hefði aukið vægi í námi nemenda.

Í áætluninni voru einnig lagðar til umbætur til að bæta líðan nemenda sem bæði foreldrar og starfsmenn tók þátt í að móta og forgangsraða. Áhersla var á að stórefla m.a. náms- og starfsráðgjöf, leggja áherslu á forvarnir í víðara samhengi (eineltil, netnotkun og vímuefnanotkun). Jafnframt því var markmið að setja af stað sjálfstyrkingar- og jafnréttisfræðslu fyrir nemendur, efla lífsleiknikennslu og leggja áherslu á hvers konar samvinnu.

Vefkerfið Skólapúlsinn miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugt aðgang að nýjum upplýsingum um þætti sem tengjast virkni og líðan nemenda í 6.-10. bekk. Upplýsinganna er aflað mánaðarlega í skólanum með vefkönnun og eru niðurstöðurnar bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og landsmeðaltal. Það gefur góðar vísbendingar um þróun mála og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landsins.

Árið 2012 voru nemendur í Norðlingaskóla undir landsmeðaltali í mælingum á sjálfsáliti og var munurinn marktækur í desember og febrúarmælingu. Skólaárið 2013-2014 mældist sjálfsálit nemenda í Norðlingaskóla 4,8 en landsmeðaltal var 5,1. Skólaárið 2014-2015 mældist sjálfsálit nemenda í Norðlingaskóla aftur 4,8 og þá var landsmeðaltal 5,0. Í báðum tilfellum var Norðlingaskóli undir landsmeðaltali. Þegar litið er til mælinga á vanlíðan nemenda mældist hún hærrí í Norðlingaskóla en á landsvísu árið 2012 og var sá munur marktækur í þrem mælingum af fjórum (des., feb. og apr.). Sama er að segja þegar litið er til kvíða nemenda í Norðlingaskóla árið 2012 þar sem meðaltal kvíða var hærra en landsmeðaltal og var sá munur marktækur í þrem mælingum af fjórum (des., feb. og apr.).

Skólaárið 2013-2014 var kvarða um *vellíðan* bætt við í stað kvarða um *vanlíðan* og kvarða um *kvíða*. Árið 2013-2014 mældist *vellíðan* nemenda í Norðlingaskóli 4,6 og þá var landsmeðaltal 4,9. Skólaárið 2014-2015 mældist *vellíðan* nemenda í Norðlingaskóla síðan 4,2 þegar landsmeðaltalið var 4,6 og Norðlingaskóli því enn undir landsmeðaltali í þessum þætti. Árið 2014-2015 var niðurstaða Norðlingaskóla 4,2 þegar landsmeðaltal var 4,6. Nýjustu mælingar Skólapúlsins, frá því í desember 2015, sýna að nemendur í Norðlingaskóla mælast með sömu niðurstöðu og meðaltal á landsvísu, í báðum tilfellum 5,0. Ljóst er að líðan nemenda hefur því farið batnandi en mikilvægt er þó að huga

áfram að því að efla og viðhalda þáttum sem stuðla að bættri líðan nemenda.

SAMANTEKT – GREINING Á SKÓLASTARFI Í NORÐLINGASKÓLA

STYRKLEIKAR

Í Norðlingaskóla er unnið eftir skýrri stefnu um skóla án aðgreiningar þar sem skólanámskrá er virkt, opinbert verkfæri í stöðugri endurskoðun. Fylgst er markvisst með árangri sérhvers nemanda þar sem nemendur fá markvissa þjálfun í að bera ábyrgð á eigin námi með vikulegri áformavinnu. Áhersla er á fjölbreytt nám, einstaklingsmiðun, áætlanagerð nemenda og samvinnu með það að markmiði að gera nemendur sjálfstæða og ábyrga í námi. Litið er á stuðning við nemendur sem hluta af daglegu starfi og áhersla er á að hafa verkefni sem hæfa hverjum og einum. Af gögnum ytra mats má ráða að lýðræðisleg vinnubrögð einkenna skólastarfið.

Vegna niðurstaðna Skólapúlsins árin 2012-2014, þar sem nemendur í unglíngadeild Norðlingaskóla mældust fyrir neðan landsmeðaltal í vellíðan, var gripið til aðgerða í skólanum. Nýjustu mælingar Skólapúlsins, frá því í desember 2015, sýna að nemendur í Norðlingaskóla mælast nú með sömu niðurstöðu og meðaltal á landsvísu og því ljóst að líðan nemenda er betri en áður. Almennt einkennist skólastarfið í unglíngadeild af jákvæðum skólabrag, starfs- og vinnuanda. Samstarf kennara gengur vel, en unnið er í teyllum. Fagmennska endurspeglast í kennarahópnum og kennslustundir eru vel skipulagðar. Við ytra matið voru allar kennslustundir sem heimsóttar voru, metnar góðar eða frábærar.

Foreldrar eru ánægðir með skólann og segja komið til móts við nemendur. Þeir telja námið vel skipulagt og markmiðin skýr auk þess sem það er vel kynnt foreldrum.

TÆKIFÆRI TIL ÚRBÓTA

Birta ætti námsvísa þar sem markmið náms og viðmið um árangur koma fram. Þegar matið fór fram var unnið að endurskoðun þessa þáttar og ætlunin að birta á nýju ári, þ.e. 2016. Halda þarf áfram að efla og þróa starfshætti þannig að árangur í stærðfræði, íslensku og ensku verði um eða yfir landsmeðaltali og tryggja að áfram verið unnið að þáttum sem stuðla að bættri líðan nemenda.

Mikilvægt er að huga að því að næðisrými, sem nemendur hafa kost á að nota í kennslustundum, sé sveigjanlegt. Tækifæri liggja í því að auka viðeigandi þjálfun þeirra nemenda sem sitja í stjórn nemendafélagsins, námsnefnd og/eða skólaráði til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og sem hluta af leiðsagnarmati er hægt að vekja enn frekar athygli á góðum árangri nemenda, t.d. á heimasíðu skólans.

NÁM OG KENNSLA

Í viðmiðum um nám og kennslu í grunnskóla er fjallað um nám og námsaðstæður, þátttöku og ábyrgð nemenda og skóla án aðgreingar. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Norðlingaskóla. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.¹

1. NÁM OG NÁMSAÐSTÆÐUR

1.1. INNTAK OG ÁRANGUR

STYRKLEIKAR

Í Norðlingaskóla er unnið eftir stefnu skóla án aðgreiningar þar sem skólanámskrá er virkt, opinbert verkfæri í skólanum og í stöðugri endurskoðun. Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu skólans, www.nordlingaskoli.is. Skólinn er án aðgreiningar og unnið er að því að sérhver nemandi fái nám og kennslu við hæfi. Fylgst er markvisst með árangri sérhvers nemanda með stöðugu símati og áformum a.m.k. einu sinni í viku eða eftir þörfum.

Árið 2013 fór fram heildarmat í Norðlingaskóla á vegum skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og í framhaldi var unnin skólaþróunaráætlun fyrir skólaárið 2014-2015 þar sem lagðar voru til umbætur til að efla stærðfræðikennslu á unglingsstigi með því að þróa starfshætti þannig að stærðfræðin hefði aukið vægi í námi nemenda. Í áætluninni voru einnig lagðar til umbætur til að bæta líðan nemenda sem bæði foreldrar og starfsmenn tók þátt í að móta.

Mælingar Skólapúlsins sýna að sjálfsálit og vellíðan nemenda skólaárið 2013-2014 og 2014-2015 er betri en árið 2012 og nýjustu mælingar Skólapúlsins, frá því í desember 2015, sýna að nemendur í Norðlingaskóla mælast með sömu niðurstöðu og meðaltal á landsvísu, í báðum tilfellum 5,0. Ljóst er að líðan nemenda hefur því farið batnandi en mikilvægt er þó að huga áfram að því að efla og viðhalda þáttum sem stuðla að bættri líðan nemenda.

Í nemendakönnun, sem gerð var í tengslum við ytra matið í desember 2015, kom fram að 73% svarenda segjast getað talað við einhvern fullorðinn í skólanum ef þeim líður illa eða eru með áhyggjur og 76% segja að þeim finnst auðvelt að tala við kennarana. Í könnuninni kom einnig fram að 87% nemenda telja að þeir séu öruggir í skólanum og í rýnihópaviðtali við nemendur kom fram að almennt er ánægja og góð líðan meðal nemenda.

Í foreldrakönnun sögðu 94% foreldra að barninu þeirra fyndist það öruggt í skólanum og 91% sögðu að barninu þeirra væri mætt með sanngirni í skólastarfinu. Aðeins fleiri, eða 96% foreldra sögðu kennarana þekkja þarfir barnsins þeirra og styðja það vel í skólastarfinu. 84% foreldra telja að áhersla sé lögð á að efla sjálfstraust barnsins þeirra í skólastarfinu og 72% sögðu agann í skólanum vera góðan.

Í Norðlingaskóla byggist námsmat á fjölbreyttum aðferðum, eins og t.d. leiðsagnarmati, sjálfsmati nemenda, frammistöðumati, jafningjamati, matssamtölum og hefðbundnum prófum. Áhersla er á símat, þ.e. að stöðugt fari fram mat og endurgjöf til nemenda sem ætlað er að auðvelda þeim, foreldrum þeirra og kennurum að skipuleggja áframhaldandi nám hvers nemanda.

¹ <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Í Norðlingaskóla er unnið að endurskoðun námsvísa sem markmiðið er að birta á heimasíðu skólans 2016 að því er fram kom í ytra mati í desember 2015. Mikilvægt er að birta námsvísa þar sem markmið náms og viðmið um árangur koma fram.

Mikilvægt er að halda áfram að vinna að því að þróa starfshætti þannig að árangur í stærðfræði, íslensku og ensku verði um eða yfir landsmeðaltali. Jafnframt því er mikilvægt að huga áfram að því að efla og viðhalda þáttum sem stuðla að bættri líðan nemenda.

Sem hluta af leiðasagnarmati nemenda væri hægt að vekja meiri athygli á fjölbreyttum árangri og margvíslegum hæfileikum nemenda á heimasíðu skólans, svo sem þátttöku í viðburðum eða samkeppni, árangri í könnunum og prófum á landsvísu eða alþjóðlega.

1.2. SKIPULAG NÁMS OG NÁMSUMHVERFI

STYRKLEIKAR

Námsvísar nemenda í unglingadeild eru aðgengilegir á vefsíðunni www.ullonollo.wix.com. Vettvangsathuganir sýndu að fjölbreyttar leiðir voru notaðar til að hvetja og styðja við nám nemenda (*sjá mynd 4*).

Í foreldrakönnun kom fram að 92% eru á heildina litið ánægðir með skólann. 82% foreldra eru mjög eða frekar sammála því að heimanám hafi skýr markmið og sé vel skipulagt og í rýnihópi kennara kom fram að markmið og tilgangur heimanáms er kynntur foreldrum og nemendum.

Skólaboðunarheimsóknir sem farnar eru til allra nemenda í Norðlingaskóla að hausti gagnast einnig vel að mati kennara, til að styrkja tengsl foreldra, nemenda og kennara.

Umsjónarkennarar í Norðlingaskóla láta sig varða nám nemenda og líðan. Könnun meðal nemenda sýnir að 77% nemenda eru mjög eða frekar sammála því að kennarar leiðbeini þeim reglulega um hvernig þeim gæti gengið betur í náminu og 78% nemenda eru mjög eða frekar sammála því að þeir fái aðstoð þegar þörf er á. Komið er til móts við nemendur á ýmsa vegu, t.d. er námsumhverfi mjög sveigjanlegt og gefur möguleika á samvinnu nemenda og einstaklingsvinnu en auk þess eiga nemendur þess kost að vinna verkefni sín í rými sem er skilgreint sem næðisrými. Nemendur í rýnihópi töldu styrkleika skólans fyrst og fremst vera að námið er einstaklingsmiðað og byggir á því hvað hverjum og einum hentar. Í rýnihópnum kom fram að nemendur voru almennt ánægðir með skólann sinn.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Námsvísar nemenda í unglingadeild eru aðgengilegir en viðmið um hæfni og markmið í námi á eftir að birta.

Í vettvangsathugunum matsaðila var oftast vinnufriður í kennslurými nemenda en mikilvægt er að huga að því að nemendur eigi þess ávallt kost að fara í rými þar sem vinnufriður er góður og áhersla lögð á að það sé virt. Huga þarf að því að námsumhverfi næðisrýmis sé sveigjanlegt.

1.3. KENNSLUHÆTTIR OG GÆÐI KENNSLU

STYRKLEIKAR

Í vettvangsathugunum sást að fagmennska endurspeglast í störfum og skipulagi kennara. Flestar kennslustundir sem metnar voru á vettvangi voru metnar góðar, eða 78%, og 22% kennslustunda voru metnar frábærar. Engin kennslustund var metin svo að hana þyrfti að bæta og engin var metin ófullnægjandi. Í vettvangsheimsóknum sást að kennslustundir voru vel skipulagðar og tími nemenda var oftast vel nýttur.

Í rýnihópi kennara kom fram að allir morgnar byrja á teymisfundi unglingakennara milli kl. 08:00-08:30 auk þess sem teymisfundir með sérkennurum eru á þriðjudögum. Jafnframt því hittast kennarar á svokölluðum faglegum fimmtudögum þar sem m.a. smáforrit /öpp eru kynnt en samkvæmt rýnihópi er töluverð áhersla lögð á að kennarar fylgist með nýjstu straumum og stefnum varðandi bæði kennslufræði og tækni.

Í vettvangsathugun kom fram að leitast var við að samþætta námsgreinar og kennsluhættir voru fjölbreyttir og sniðnir að eðli námssviða, markmiðum náms og þörfum nemenda. Í kennslustundum var námsmat og endurgjöf markviss.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Mikilvægt er að gera markmið námsins og viðmið sýnileg fyrir nemendum. Einnig er mikilvægt að huga vel að tímastjórnun kennslustunda, m.a. að byrja stundvíslega og tryggja að allir nýti tímann eins og best verður á kosið. Tækifæri liggja einnig í því að þjálfa markvisst samvinnu nemenda enn frekar þar sem hlutverk og ábyrgð allra eru skilgreind.

1.4. NÁMSHÆTTIR OG NÁMSVITUND

STYRKLEIKAR

Í viðtölum við kennara, í námsvísunum, vettvangsathugunum og víðar kom skýrt fram að skólinn leggur áherslu á val nemenda og að þeir læri að bera ábyrgð á námi sínu. Áhersla er á fjölbreytt nám, einstaklingsmiðun, áætlanagerð nemenda og samvinnu með það að markmiði að gera nemendur sjálfstæða og ábyrga í námi (úr starfsáætlun Norðlingaskóla). Markmið er að leita eftir styrkleikum hvers og eins og stuðla að vitund þeirra um eigin styrkleika og veikleika í námi, m.a. í áætlanagerð nemenda. Nemendur bera vaxandi ábyrgð með hækkandi aldri á vali viðfangsefna og læra þannig að ígrunda eigið nám og verða meðvitaðir um styrkleika sína og þarfir í námi.

Í nemendakönnun segja 88% svarenda kennara hvetja þá til náms, 77% segja kennara leiðbeina þeim um hvernig þeim geti gengið betur í náminu og 79% nemenda telja að þeim gangi vel í náminu. Í foreldrakönnun kom fram að 98% svarenda telja að barnið þeirra sé hvatt til þess að leggja sig fram í náminu og 85% telja að barnið taki stöðugum framförum í námi.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Engir sérstakir umbótaþættir komu fram í þessum kafla.

2. ÞÁTTAKA OG ÁBYRGÐ NEMENDA

2.1. LÝÐRÆÐISLEG VINNUBRÖGÐ

STYRKLEIKAR

Á vettvangi sást að samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu og þátttakendum í rýnihópum töldu einnig svo vera. Í nemendakönnun voru 87% nemenda sammála þeirri fullyrðingu að kennarar og starfsfólk séu sanngjörn við sig og sýni sér virðingu og 74% nemenda voru sammála því að samnemendur séu sanngjarnir og komi fram við sig af virðingu.

Stjórn nemendafélagsins, sem er lýðræðislega kosin, fundar einu sinni í viku. Verkefni nemendafélagsins er að efla félagslíf nemenda og skipuleggja viðburðir. Verkefni námsnefndar nemenda, sem einnig er lýðræðislega kjörin af nemendum, hefur það hlutverk að fjallar um nám og kennslu í skólanum.

Af rýnihópum og könnunum má ráða að lýðræðisleg vinnubrögð einkenna skólastarfið. Í nemendakönnun sem lögð var fyrir nemendur í 8.-10. bekk voru 85% nemenda sammála fullyrðingunni *Það er tekið mark á skólaráðinu/nemendafélaginu þegar nemendur vilja fá breytingar í skólastarfinu*, 70% þátttakenda finnst að þeir geti komið skoðun sinni á framfæri varðandi það hvernig bæta má námið og 79% nemenda sem þátt tóku í könnuninni voru sammála því að kennararnir hlusti á þá og veiti því athygli sem þeir segja. Í rýnihópi kennara kom fram að nemendur eru óhræddir við að benda á atriði sem þeim þykja betur mættu fara, enda er það hluti af sjálfsgagnrýni og sjálfsskoðun kennara að hlusta á nemendur að þeirra sögn.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Tækifæri liggja í því að auka viðeigandi þjálfun þeirra nemenda sem sitja í stjórn nemendafélagsins, námsnefnd og/eða skólaráði til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Gagnlegt væri að birta fundargerðir nemendafélagsins opinberlega og virkja námsnefnd enn frekar.

2.2. ÁBYRGÐ OG ÞÁTTAKA

STYRKLEIKAR

Þátttaka og ábyrgð nemenda í Norðlingaskóla er mikil. Nemendur fá þjálfun í að bera ábyrgð á eigin námi með áformavinnu og í rýnihópi þeirra kom fram að þeir voru ánægðir með fyrirkomulagið á því. Auk vikulegra áforma nemenda eru samráðsfundir þrisvar á ári þar sem foreldrar, nemandi og kennari ræða saman um námið. Nemendur eru meðvitaðir um að kennarar ætlast til að þeir taki ábyrgð á eigin námi í kennslustundum því í nemendakönnun kom fram að allir nemendur í 8., 9. og 10. bekk, sem tóku þátt, voru mjög eða frekar sammála því að kennararnir ætluðust til að þeir tækju ábyrgð á eigin námi í kennslustundum. Í foreldrakönnun sögðust 79% svarenda hafa tekið þátt í að setja barninu sínu markmið í námi.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Birta ætti nemendum markmið í námi og viðmið um árangur.

3. SKÓLI ÁN AÐGREININGAR

3.1. MENNING OG VIÐHORF

STYRKLEIKAR

Í skólanum ríkir sameiginlegur skilningur og sátt um hugmyndafræði skólasamfélags án aðgreiningar. Þessi hugmyndafræði birtist í stefnu skólans þar sem ríkjandi er viðhorf og væntingar til þess að allir nemendur geti lært og náð bestu mögulegum framförum í námi. Einu sinni í viku gera nemendur áætlun sem þeir fylgja, kallast þessar vikulegu einstaklingsáætlanir ÁFORM. Áætlanagerðin fer fram á vikulegum fundum sem nemendur eiga með umsjónarkennara sínum, ýmist einstaklingslega eða í hópi. Þar er farið yfir hvernig gekk í síðustu viku og hvert ber að stefna í þeirri sem framundan er.

Í skólanum tilheyra sérkennari/sérkennarar hverjum námshópi og starfa náið með umsjónarkennurum inn á kennslurýmum. Umsjónarkennari og sérkennari bera sameiginlega ábyrgð á gerð einstaklingsáætlunar þar sem tekið er mið af þroska og stöðu viðkomandi nemanda og óskum foreldra. Bráðgerir nemendur fá að halda áfram í námi og taka framhaldsskólaáfangu ef þeir óska þess.

Í gögnum skólans kemur fram að jákvætt viðhorf ríkir til margbreytileikans og áhersla er á þátttöku allra nemenda og styrkleika hvers og eins. Það viðhorf ríkir að sjálfsagt sé að hafa væntingar til þess að allir nemendur geti lært og náð bestu mögulegum framförum í námi. Vakin er athygli á góðum árangri nemenda í söngstund.

Almennt virðist skólastarfið í unglingsdeild einkennast af jákvæðum skólabrag, starfs- og vinnuanda. Í foreldrakönnun kom fram að 92% foreldra sem svara henni segjast á heildina litið vera ánægðir með skólann og 94% foreldra segjast þekkja stefnu og gildi/einkunnarorð skólans.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA:

Tækifæri liggur í því að vekja enn frekar athygli á góðum árangri nemenda á heimasíðu skólans, sem hluta leiðsagnarmats.

3.2. NÁMSKRÁR OG ÁÆTLANIR

STYRKLEIKAR

Í stefnu skólans er lögð áhersla á fjölbreytta starfshætti til að ná fram markmiðum um nám og kennslu; s.s. samkenndu árganga, einstaklingsmiðun, eigin áætlanir nemenda og teymisvinnu starfsfólks. Þessum áherslum virðist markvisst fylgt eftir í framkvæmd. Skólaárinu er skipt upp í tvær annir, fyrri önnin er frá hausti og fram í janúar og sú seinni frá janúar til vors. Formlegu lokamati er skilað til nemenda og forráðamanna þeirra á samráðsdegi við annarlok í janúar og júní. Námsmatið byggir á fjölbreyttum aðferðum, s.s. leiðsagnarmati, sjálfsmati nemenda, frammistöðumati, jafningjamati, matssamtölum og einnig hefðbundnum prófum. Lögð er áhersla á símat, þ.e. að stöðugt fari fram mat og endurgjöf til nemenda.

Markvisst er fylgst með námi og framförum nemenda og reglubundnar skimanir og kannanir eru lagðar fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa sérstakan stuðning í námi, samkvæmt sérkennslustefnu Norðlingaskóla.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Gagnlegt er að skrá í einstaklingsnámskrár hvert hlutverk þeirra aðila sem að nemandanum koma er, áætlun um samstarf við foreldra og áform um stuðning og félagslegra þátttöku.

Skrá ætti í skólaþróunaráætlun hvernig brugðist er við niðurstöðum kannana og skimana og gera grein fyrir því í einstaklingsnámskrám, þegar það á við.

3.3. UPPLÝSINGAMIÐLUN OG SAMSKIPTI

STYRKLEIKAR

Skólinn nýtir sér þjónustu þjónustumiðstöðvar varðandi sérfræðiráðgjöf vegna fjölbreyttra þarfa nemenda. Samkvæmt rýnihópi kennara er samstarf við foreldra gott og í foreldrakönnun kom fram að 89% þeirra telja að ábendingum þeirra sé vel tekið. Lýðræðisleg þátttaka nemenda í Norðlingaskóla er mjög góð, móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir er aðgengileg á heimasíðu skólans og í rýnihópi kennara kom fram að viðeigandi gögn og upplýsingar fylgja fötluðum nemendum frá grunnskóla í framhaldsskóla. Heimasíða skólans hefur að geyma leiðbeinandi upplýsingar um skólastarf, þar með talið heildaráætlun. Upplýsingar um skólastarfið eru birtar á ensku í bæklingi um skólann.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Lýðræðisleg þátttaka nemenda í Norðlingaskóla er mjög góð en hægt er að efla hana enn frekar með starfandi námsnefnd skólans, sem nemendur í rýnihópum sögu ekki mjög virka og með því að leita sjónarmiða nemenda um námsaðstæður og skipulag með fjölbreyttum leiðum. Leita má enn markvissar eftir tillögum foreldra um skólastarfið en í foreldrakönnun kom fram að 60% svarenda telja að skólinn leiti eftir tillögum þeirra.

Upplýsingar um tilfærsluáætlun vantar á heimasíðu skólans og gagnlegt er að birta upplýsingar um skólastarfið á fleiri tungumálum.

3.4. STARFSHÆTTIR

STYRKLEIKAR

Starfshættir Norðlingaskóla taka mið af hugmyndafræði náms án aðgreiningar og væntingar eru gerðar til náms allra nemenda. Námsumhverfi er sveigjanleg og nemendur læra á fjölbreyttan hátt og fá viðeigandi stuðning. Kennarar hafa aðgang að margvíslegum björgum, m.a. ráðgjöf og stuðningi í gegnum sérkennara og þjónustumiðstöð. Í rýnihópi kennara kom fram að faglegur stuðningur er mikill innan teymis auk þess sem hefð er fyrir því að kennarar sæki reglulega námskeið.

Nemendakönnun, sem lögð var fyrir 8., 9. og 10. bekk, sýndi að 88% nemenda telja að kennarar hvetji þá til að gera sitt besta. 79% nemenda telja kennara hlusta á sig og veita því athygli sem þeir segja og allir nemendur sem tóku þátt í könnuninni (100%) sögðu að kennararnir ætluðust til þess að nemendur tækju ábyrgð á náminu í kennslustundum.

Litið er á stuðning við nemendur sem hluta af daglegu starfi og áhersla er á að hafa verkefni sem

hæfa hverjum og einum. Starfshættir í skólanum taka mið af hugmyndafræði skóla án aðgreiningar og byggja á samstarfi kennara og sameiginlegri ákvarðanatöku um lausnir og útfærslur. Samstarf kennara gengur vel og andrúmsloftið er gott innan kennarahópsins. Unnið er í teyllum og oftast eru þau aðgengileg öðrum að koma inn í, að mati kennara í rýnihópi.

Aðstaða skólans er góð að flestu leyti og áhersla er á sveigjanlegt námsumhverfi. Á hverju svæði eru næðisrými þar sem nemendur geta unnið ef þeir óska eftir því og á unglíngastigi er það notað mikið, að sögn kennara í rýnihópi.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Mikilvægt er að efla flæði milli kennarateymla til að hægt sé að vinna enn betur að samþættingu verkefna. Aðstaða/námsumhverfi kennslurýma er gott að flestu leyti en mikilvægt er að huga að því að næðisrými sé einnig sveigjanlegt.

VETTVANGSHEIMSÓKNIR Í NORÐLINGASKÓLA

Í skólaheimsókn í Norðlingaskóla voru 18 kennslustundir á unglíngastigi heimsóttar og metnar út frá viðmiðum um gæði stundarinnar. Stundin er metin góð þegar flestir nemendur ná tökum á viðfangsefni stundarinnar og flestir fá verkefni við hæfi, hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir.² Flestar stundir í Norðlingskóla voru metnar *góðar* eða 14 stundir, 4 voru metnar *frábærar* en engin *má bæta* eða *óviðunandi*.

Tafla 2: Mat á kennslustundum.

Mat á kennslustundum		
	Fjöldi	Hlutfall
Frábær	4	22%
Góð	14	78%
Samtals	18	100%


Einnig var skoðað hvaða kennsluaðferð/ir og vinnubrögð voru notuð í stundinni. Oftast var merkt við fleiri en eitt atriði þannig að í þessum 18 stundum voru 46 merkingar.

Tafla 3: Kennsluaðferðir.

Kennsluaðferðir	Fjöldi	Hlutfall
Verkefnavinna	13	72%
Sjálfstæð vinna / eigið val	12	67%
Innlögn	9	50%
Sköpun og tjáning	5	28%
Markviss samvinna	5	28%
Verklegt	2	11%


Skoðað var hvort nemendur væru að vinna hver að sínu verkefni eða saman í pörum eða hópum að sameiginlegri lausn eða skilum. Eins og sjá má á myndinni hér að neðan var einstaklingsvinna í 61% stundanna, samvinna var í 33% stunda og blanda af einstaklingsvinnu og samvinnu var 6%.

² Sjá nánari lýsingu í fylgiskjali: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar.



Mynd 4: Verkefnavinna nemenda.

Notkun á upplýsingatækni í námi og/eða kennslu var sérstaklega skoðuð og ef svo var þá hvort kennari/ar eða nemendur nýttu sér tæknina. Upplýsingatækni var notuð í 90% stundanna, sjá nánar hér að neðan.




Mynd 5: Notkun upplýsingatækni.

Lagt var mat á sjálfstæði nemenda í vali á verkefnum í 18 kennslustundum, þ.e. hvort kennari ákveður verkefni eða nemendur hafa val um verkefni eða útfærslu. Í miklum meirihluta kennslustunda ákvað kennari verkefni eins og sjá má í töflunni hér að neðan

Tafla 4: Val á verkefnum.

Val á verkefnum		
	Fjöldi	Hlutfall
Kennari ákveður verkefni	14	78%
Nemendur velja verkefni	1	6%
Bæði kennari og nemendur ákveða	3	17%
Samtals	18	100%

Þá var skoðað hvort markmið stundarinnar hefði verið sýnilegt eða kynnt fyrir nemendum og það var gert í 50% stunda sem heimsóttar voru.



Mynd 6: Hve oft voru markmið sýnileg eða kynnt nemendum.

NORÐLINGASKÓLI – YFIRLIT

Nám og kennsla – Norðlingaskóli		
Nám og náms- aðstæður	Þátttaka og ábyrgð nemenda	Skóli án aðgreingar
Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Menning og viðhorf
Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Námskrá og áætlanir
Kennsluhættir og gæði kennslu		Upplýsinga- miðlun og samskipti
Námshættir og námsvitund.		Starfshættir.

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem **dökkgrænt** sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, **ljósgrænt** gott verklag þar sem flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, **gult** þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og **rautt** að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Fylgiskjal 1

Viðmið um mat á gæðum kennslustundar.

Frábær

Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

Flestir nemendur ná árangri vegna góðrar kennslu. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.

Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við. Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi. Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda. Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargir eru vel nýttar og tími vel nýttur. Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Þarf að bæta

Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að flestir nemendur njóta stundarinnar og ná viðunandi árangri.

Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins ná ekki fullnægjandi árangri.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi og ekki virðist vera stuðlað að alhliða þroska og menntun.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.

Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:

- Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
- Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
- Bekkjarstjórnun er ábótavant.
- Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
- Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.
- Lítil áhersla er á mat og endurgjöf.